

# Samtenging sjúkraskráa í Sögu

## TM Software | Heilbrigðislausnir


Dagsetning | 16.01.2014

Útgáfa | 1.0

Höfundur | TM Software Heilbrigðislausnir


Nýjasta útgáfa rafræna sjúkraskrákerfisins Sögu býður upp á að notendur geti flett upp og skoðað sjúkragögn sem skráð eru um sjúklinga á öðrum stofnunum.

Hafi notandinn þær aðgangsheimildir sem krafist er, þá er aðgengi að þessum upplýsingum í gegn um eininguna *Forsíða Sjúklings*. Eftir að kerfissjúklingur er valinn þá er sýnilegt í þessari einingu á hversu mörgum öðrum stofnunum sjúklingurinn á einhver sjúkragögn.




Með því að smella á þennan hnapp þá birtist lítill uppsprettigluggi sem sýnir stutta lýsingu á hvers eðlis nýjstu sjúkragögnin eru (t.d. innlögn, útskrift, koma o.s.frv.) og á hvaða sjúkrastofnun.

Þar fyrir neðan eru tveir tenglar sem hægt er að smella á: sá efri sækir sjúkraupplýsingar frá þeirri stofnun sem er með nýjstu gögnin (sem er að sjálfsögðu mismunandi eftir sjúklingum) en neðri tengillinn („Sjá allar stofnanir“) birtir yfirlit yfir aldur sjúkragagna á öllum þeim stofnunum sem geyma einhver gögn yfir sjúklinginn.






Ef smelt er á efri tengilinn („Sækja gögn frá stofnun“) þá eru gögn frá viðkomandi stofnun sótt og birt (sjá síðar), en sé smelt á neðri tengilinn („Sjá allar stofnanir“) þá birtist fyrst skjámynd á borð við þessa hér:




Tilgangur þessarar skjámyndar er að sýna *aldur* og *tegund* nýjustu sjúkragagna á hverri stofnun fyrir sig, til þess að gera notendum auðveldara að meta hvort gögnin hafi hugsanlegt upplýsingagildi fyrir sig. Þannig sýnir þessi tímalína ekki alla sjúkrasögu sjúklingsins, heldur er þarna einungis að finna nýjustu innlögn á hverri stofnun fyrir sig, nýjustu komu á hverri stofnun o.s.frv. Í sýnidæminu hér að ofan sést t.d. að nýjasta innlögn sjúklingsins á Heilbrigðisstofnun Suðurlands var þann 23 apríl og nýjasta koman á sömu stofnun var daginn eftir, og að nýjasta innlögnin á Sjúkrahúsi Akureyrar var þann 12 maí.

Skrunstikan neðst í glugganum sýnir yfirlit yfir stærra tímabil. Hvíti ramminn samsvarar tímabilinu sem er birt með meiri nákvæmni í aðalglugganum, og dökkbláu stöplarnir samsvara atburðum í efri glugganum. Að ofan sést t.d. að einhverjir atburðir hafa átt sér stað í fortíðinni, og með því að draga skrunstikuna til vinstri er hægt að skoða þá:



Til þess að velja frá hvaða stofnunum á að sækja gögn er hægt að smella á einhvern atburð sem tengist stofnuninni, og er þá hakað við nafn stofnunarinnar til merkis um að sækja eigi gögn frá henni.



Einnig er hægt að smella á nafn stofnunar í listanum undir tímalínunni til að velja/afvelja stofnunina, og loks smelt á hnappinn „Sækja“ til að tengjast völdum stofnunum og sækja þaðan gögn.

[Heilbrigðisstofnun Suðurlands](#)
[Sjúkrahús Akureyrar](#)
[Heilbrigðisstofnun Vesturlands](#)
[Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar](#)

Þegar búið er að sækja gögn frá öðrum stofnunum birtast þau í eftirfarandi viðmóti (ef smelt er á hlekkinn „Sækja gögn frá nýjustu stofnun“ í Forsíðu Sjúklings þá er farið fram hjá tímalínunni og hlaupið beint í þennan glugga):

## Sjúkragögn á öðrum heilbrigðisstofnunum

[Heilbrigðisstofnun Suðurlands](#)
[Sjúkrahús Akureyrar](#)
[Heilbrigðisstofnun Vesturlands](#)
[Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar](#)

Ofnæmi	Aðvaranir	Lyf	Greiningar	Legur	Komur	Samskipti		
Dragið dálkhaus hingað til að flokka eftir þeim dálki								
Lyf	Síðast ávísað	Staðfest	Styrkur	Form	Ávísað magn	Leiðbeiningar	Stofnun	Notað við
▶ Baklofen Mylan	30. ágú. 2013	Já	25 mg	töflur	50 stk	1 tafla tvisvar á dag	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	
Insulatard Flexpen	21. mar. 2013	Já	100 ae/ml	stl	60 ml	5 ml 1 sinni á dag	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	sykursýki
Kovar	30. okt. 2012	Já	2 mg	töflur	100 stk	2 að kvöldi	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Blóðtappa. ast
Parkodin Forte	16. apr. 2012	Já	530 mg	töflur	30 stk	2 töflur á dag og eftir...	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Slæmum verkj

Hægt er að smella á viðeigandi flipa (*Ofnæmi*, *Aðvaranir*, *Lyf* o.s.frv.) til að skoða viðkomandi gögn. Hægt er að raða dálkum og flokka gögnin að vild. Í hverri línu sést frá hvaða stofnun viðkomandi upplýsingar komu, þannig að hafi gögn verið sótt frá mörgum stofnunum samtímis þá birtast þau saman í töflunum en auðvelt er að raða/flokka eftir stofnunum.

Heiti stofnananna sést efst, og eru grálituð nöfn þeirra stofnana sem gögn voru ekki sótt frá. Hægt er að bæta þeim við, þ.e. sækja frá þeim gögn og bæta við þau sem fyrir eru, með því að smella á nafn stofnunarinnar. Ef svar berst ekki frá stofnun innan einnar mínútu er nafnið rauðlitað, og þá er sömuleiðis hægt að reyna aftur síðar með því að smella á stofnunina.



Hægt að biðja um ítarlegri upplýsingar fyrir ákveðin atriði (greiningar, legur, komur og samskipti). Það er gert með því að velja viðkomandi línu í töflunni og smella síðan á hnappinn „Skoða“ fyrir ofan töfluna.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands Sjúkrahús Akureyrar Heilbrigðisstofnun Vesturlands Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar

Ofnæmi Aðvaranir Lyf Greiningar Legur Komur Samskipti

Skoða greiningu

Dragið dálkhaus hingað til að flokka eftir þeim dálki

Tegund	Síðast skráð	Fyrst skráð	Kóði	Greining	Staðfest	Kóðunarkerfi	Stofnun
Skammtímagreining	23.8.2013	23.8.2013	M54.5+	Mjóbaksverkir	Já	ICD-10	Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Skammtímagreining	15.8.2013	15.8.2013	N64.0	Sprungu og fistill í gei...	Já	ICD-10	Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Langtímagreining	1.11.2013	23.4.2013	I21.9	Hjartadrep	Já	ICD-10	Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Skammtímagreining	21.3.2013	21.3.2013	S93.4	Toggun á ökkla		ICD-10	Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Langtímagreining	29.11.2013	31.5.2012	K21.0	Maga-vélinda-bakflæ...	Já	ICD-10	Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Skammtímagreining	30.10.2012	31.5.2012	J00	Uri (head cold)		ICD-10	Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Skammtímagreining	30.10.2012	31.5.2012	M62.6	Vöðvatoggun		ICD-10	Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Langtímagreining	29.5.2012	10.5.2012	E10	Sykursýki týpa 1	Já	ICD-10	Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Skammtímagreining	30.9.2013	9.5.2012	Z26.9	Need for immunizatio...		ICD-10	Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Við þetta eru umbeðin viðbótargögn sótt frá viðkomandi stofnun og birt í textasýnarglugga.

Samskipti vegna greiningar SYKURSÝKI TÝPA 1 (gögn frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands)

Textasýn

Aðgerðir

Leit

LEITA ...

29.5.2012 15:36 Heilsuvandablað - Guðjónsdeild

Heilsuvandi:

- Sykursýki týpa 1, E10

Undirritað af: Kristín Steingrimsdóttir, læknir (1932)

Stofnun: Saga\_skema -TMS - Theriak, Holtasmári 1, Holtasmári 1, 201, Sími: 545-3300

10.5.2012 13:21 Niðurstaða meðferðar / rannsóknar - Almennar lyflækningar

Viðtakandi: Arna Rún Óskarsdóttir, Öldrunarlækningar, Landspítalinn, lyflækningadeild, Fossvogi, 108 Reykjavík

Tilvísunargreining:

- Sykursýki týpa 1, E10

Innlagnardeild: <Óþekkt>

Umbeðin rannsókn:

- Ómun útlímæðar, 962.00

Undirritað af: Auðbjörg Reynisdóttir, hjúkrunarfræðingur (1932)

Stofnun: Saga\_skema -TMS - Theriak, Holtasmári 1, Holtasmári 1, 201, Sími: 545-3300

10.5.2012 12:57 Beiðni um meðferð/rannsókn - Almennar lyflækningar

Deild viðtakanda: Almennar lyflækningar

Tilvisandi aðili: Arna Rún Óskarsdóttir, Öldrunarlækningar, Landspítalinn, lyflækningadeild, Fossvogi, 108 Reykjavík

Meðferðir / Rannsóknir: Bli

Staðsetning meðferðar / rannsóknar: Ungbarnavernd

Greiningar:

- Sykursýki týpa 1, E10

Staða sjúklings: Meðf. lokið

Dags. beiðni: 10.05 2012

Meðferðardagur: 11.05 2012

Lokadagur meðferðar: 10.05 2012

Forgangur: 2 - Brýn þörf

Staðsetning meðferðar / rannsóknar: För í endurhæfingu

Loka



---

**Almennt:**

- Sjúkragögn frá öðrum stofnunum sem sótt eru á þennan hátt eru ekki afrituð eða vistuð sjálfkrafa yfir í gagnagrunn þeirrar stofnunar þar sem verið er að skoða gögnin.
- Samkvæmt lögum um rafræna sjúkraskrá þá geta sjúklingar óskað eftir því að ekki sé veittur aðgangur að sjúkraskrá þeirra milli stofnana. Slík skráning fer fram hjá embætti Landlæknis, og í þessum tilfellum eru upplýsingarnar ekki aðgengilegar milli stofnana.
- Sögu sjúkraskrárkerfið skráir („loggar“) í sérstakan gagnagrunn í hvert skipti sem óskað er eftir upplýsingum frá öðrum stofnunum. Þessi loggun, sem á sér stað bæði á upprunastofnun gagnanna sem og þeirri stofnun þar sem verið er að skoða gögnin, inniheldur m.a. upplýsingar um starfsmanninn sem óskaði eftir gögnum og sjúklinginn sem óskað var eftir gögnum fyrir.